



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

Júní 2005

Netföng: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is

Hækkun sjúkradagpeninga markar tímamót

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness sem var haldinn 27. apríl s.l. samþykkti tillögu stjórnar sjúkrasjóðs um að hækka sjúkradagpeninga um 23%. Þar með eru greiðslur orðnar með þeim bestu sem gerast innan starfsgreinasambandsins eða 3.333 krónur á dag. Hin góða afkoma sjúkrasjóðsins hefur leitt til þessara hækkana.

Aðalfundurinn samþykkti einnig að hækka greiðslu vegna krabbameinsrannsóknna úr kr. 1.500 í kr. 2.500, en sú upphæð fer langt með að standa að fullu undir kostnaði.

Þessi hækkun markar tímamót í afkomu og öryggi félagsmanna VLFA.



Horft yfir Breiðina úr gamla vitanum á Suðurflös.

Ljósmynd: K.K.



Skemmtiferð eldri félaga í sumar

Í sumar verður eldri félögum í Verkalýðsfélagi Akraness boðið til dagsferðar eins og verið hefur undanfarin ár. Skemmtiferðir félagsins hafa verið mjög vinsælar og í fyrra var metfjöldi í ferðinni, tvær fullar rútur af glöðum ferðalöngum sem skemmtu sér vel. Ferðin í sumar verður farin seinni part ágúst og tekur lungann úr deginum, en ekki hefur verið endanlega ákveðið hvert skuli haldið að þessu sinni.

Eldri félagar eru hvattir til að hafa samband við félagið hafi þeir ákveðnar óskir um áfangastað, allar ábendingar eru vel þegnar.


30% munur á vörukörfunni

Dýrust var karfan í Samkaupum-Strax, kr. 4.770
en ódýrust í Nettó kr. 3.661

Rúmlega 30 prósentu munur var á hæsta og lægsta verði á matvörukörfu samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ í matvöruverslunum á Akranesi sem framkvæmd var af starfsmönnum Verkalýðsfélags Akraness miðvikudaginn 25. maí síðast liðinn. Dýrust var karfan í Samkaupum - Strax, kr. 4.770 en ódýrust í Nettó, kr. 3.661.

Í körfunni er tekið dæmi af innkaupum á hefðbundnum vörum til heimilisins, s.s. mjólkurvörum, kjötvörum, kornvörum, grænmeti og ávöxtum. Sem dæmi má nefna að allt að 100% munur var á verði á 300 gr. öskju af Smjörva en hún kostaði 93 kr. í Nettó en 185 krónur í Samkaupum-Strax.

Þrjár verslanir tóku þátt í könnuninni á Akranesi, Nettó, Samkaup-Strax og Skagaver. Verslun Einars Ólafssonar neitaði þátttöku. Könnunin var gerð um land



allt og má sjá niðurstöður fyrir landið í heild á heimasíðu ASÍ www.asi.is. Á heimasíðu VLFA www.vlfa.is er að finna niðurstöðu könnunarinnar á Akranesi.

Tekið skal fram að hér er einungis um beinan verðsamanburð að ræða og ekki er lagt mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

Stjórn Verkalýðsfélags Akraness hefur ákveðið að halda uppi reglulegu eftirliti á verðlagi matvæla og þjónustu á Akranesi enda er um mikilvæga hagsmunagæslu fyrir félagsmenn að ræða.

Njótið sumarsins!

VLFA býður félagsmönnum
sínum upp á góðan sparnað í
sumarfríinu

Afsláttur í ferjurnar Herjólf og Baldur

Félagsmenn geta keypt afsláttarein-
ingar í Vestmannaeyjarferjuna Herj-
ólf og Breiðafjarðarferjuna Baldur.
Afslátturinn nemur á bilinu 40-60%
og kemur sér vel ef ferðinni er heitið
út í eyjar.

Ódýrara í göngin

Félagsmenn geta einnig keypt stak-
ar ferðir í gegnum Hvalfjarðargöngin
á 600 krónur á skrifstofu félagsins.
Stök ferð í gegnum göngin kostar
enn 1000 krónur sé hún keypt í
gjaldskýlinu.

Veiðileyfi og tjaldstæði

Félagar í VLFA, makar þeirra og
börn innan 16 ára geta fengið frítt
veiðileyfi í Eyrarvatni, Þórisstaðavatni
og Geitabergsvatni í Svínadal. Einnig
eiga félagsmenn frían aðgang að tjald-
stæði á Þórisstöðum. Félagatal liggur
frammi hjá staðarhaldara svo félagar
geta einfaldlega mætt á svæðið með
persónuskilríki.



Félögum gefst kostur á að lækka sumarfrís-
kostnaðinn með ýmsum hætti.

Ágætu félagsmenn



Vilhjálmur Birgisson.

Stöndum vörð um áunnin réttindi

Rétt rúmir 18 mánuðir eru liðnir síð-
an ný stjórn tók við í Verkalýðsfélagi
Akraness. Á þessum 18 mánuðum hefur
félagið tekið algjörum stakkaskiptum til
hins betra. Það voru mörg brýn mál sem
biðu nýrrar stjórnar þegar hún tók við
félaginu. Innheitu- og iðgjaldaskráning
félagsins var í verulegum ólestri en
tekist hefur að koma þeim málum í
það horf sem þau þurfa að vera. Það er
grundvallarforsenda þess að starfsemi
félagsins geti verið með eðlilegum hætti.

Þegar ný stjórn tók við var fjárhagsstaða
Verkalýðsfélags Akraness afar bágborinn
svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þá
hafði félagið verið rekið um tíma með
yfirdráttarláni sem sýnir hversu alvarleg
staða þess var orðin.

Núverandi stjórn tókst á einu ári að
snúa þessari þróun við og er ólíkt um
að litast þegar fjárhagur félagsins er
skodaður. Heildarhagnaður félagsins
jókst um 115% á fyrsta heila starfsári
nýrrar stjórnar.

Stjórn félagsins hefur á þeim stutta tíma
sem hún hefur haldið um stjórnartaumana
oft þurft að taka á mjög erfiðum málum
þar sem við réttindi félagsmanna hafa
verið í húfi. Ágreiningur hefur til
að mynda komið upp um túlkun á
kjarasamningum. Í öllum þessum málum
hefur náðst niðurstaða. Í heildina hefur
þessi réttindabaráttu skilað félagsmön-
um VLFA um 14 milljónum króna.

Það er og verður stefna stjórnar félagsins
að standa einarðlega vörð um öll áunnin
réttindi félagsmanna og mun stjórn
félagsins ekki horfa í tíma né kostnað í
þeirri réttindabaráttu. Stjórn félagsins
hefur verið að leita leiða til að auka og
bæta þjónustu við félagsmenn eins og
kostur er og er útgáfa þessa fréttabréfs
einn liður í þeim efnum.

Sú þjónusta sem stjórn félagsins er
hvað ánægðust með er aðstoð við gerð
skattaframtala fyrir fullgilda félagsmenn
en tugir félagsmanna nýtta sér þessa
aðstoð nú í byrjun árs. Einnig er stjórn
stolt af jólaballinu sem félagið heldur og
býður börnum fullgildra félagsmanna.

Ekki er heldur hægt annað en að
minnast á hækkun sem orðið hefur á
sjúkradagpeningum frá því ný stjórn
tók við sjóðnum. Nemur sú hækkun 33
prósentum og eru sjúkradagpeningar
hjá Verkalýðsfélagi Akraness orðnir með
því besta sem gerist innan Starfsgreina-
sambands Íslands.

Félagsmönnum fjölgaði um 200 á
síðasta ári sem gefur ótvírætt til kynna að
félagsmenn eru ánægðir með þá þjónustu
sem félagið veitir, þó að vissulega megi
alltaf gera betur í þeim efnum. Við setjum
markið hátt. Markmið núverandi stjórnar
er að Verkalýðsfélag Akraness verði það
stéttarfélag á Íslandi sem mest og best
þjónar sínum félagsmönnum hér á landi.
Með viljann að vopni er allt hægt.

Gleðilegt sumar.

Lögfræðiþjónusta í boði félagsins

Félagsmenn VLFÍ geta fengið ókeypis
lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins
með því að panta sér viðtalstíma á
skrifstofu félagsins í síma 430-9900.

Ingólfur Hjartarson lögmaður hefur
reynst félagsmönnum styrk stoð í ýms-
um málum. Hagnaðarhlutdeild sem
starfsmann Íslenska járnblendifélagsins
fengu greidda nam um 7 milljónum.
Ennfremur má nefna að Ingólfur
hefur unnið í málum þeirra aðila sem

lentu í rútuslysi verkafólks Norðuráls,
starfsþmanna síldarbræðslunnar sem
fengu greiddar liðlega 2 milljónir úr
samningum hans, starfsfólks heimilis-
hjálpur, nokkurra starfsmanna Klafa
og svo mætti lengi telja. Störf Ingólfs
fyrir félagið hefur á síðastliðnu ári
skilað félagsmönnum VLFA u.þ.b. 14
milljónum króna og í öllum tilfellum
hafa tekist sættir án dóma.



LÁTTU PENINGANA VINNA FYRIR ÞIG MEÐ KB SPARIFÉ

KB Sparifé er reglubundinn sparnaður sem gerir þér kleift að eignast varasjóð á þægilegan hátt. Sparnaðurinn verður sjálfsagður liður í útgjöldunum og þú lætur peningana vinna fyrir þig.

Nánari upplýsingar á kbbanki.is, í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.



Lífeyrissjóður Vesturlands

Kirkjubraut 40, 300 Akranes
Sími 431 1577, fax 431 2841
Netfang lifvest@lifvest.is
Veffang www.lifvest.is



*Lífeyrissjóður Vesturlands
sendir sjómönnum á Akranesi
bestu kveðjur og góðar óskir
í tilefni Sjómannadagsins*

Fjölbreytt endurmenntun í boði

Félagsmenn í VLFA eiga rétt á endurgreiðslu sem nemur allt að 75% af námskostnaði - að hámarki 35.000 krónum

Aukin menntun leiðir til hækkunar launa og betri möguleika á vinnumarkaði og sífellt fleiri nota sér styrki til endurmenntunnar.

Á skrifstofu félagsins liggja frammi bæklingar sem athyglisvert er að skoða fyrir þá sem hafa hug á að bæta við þekkingu sína. Landsmennt er bæklingur um námsstyrki Samtaka atvinnulífsins og samtaka verkafólks á landsbyggðinni og úthlutunarreglur má einnig skoða á vefsíðunni www.landsmennt.is. Sjómennt er að sama skapi bæklingur með upplýsingum um reglur Samtaka atvinnulífsins, LÍÚ og sjómannasambandsins og efni hans má einnig skoða á vefsíðu www.sjomennt.is

Menntafélagið er skóli véltækni og siglinga og námskeiðabæklingur skólans,



Fjöldi bæklinga um símenntun liggur frammi á skrifstofu félagsins.

sem starfræktur er í Sjómannaskólanum, liggur frammi á skrifstofu VLFA. Hægt að velja um margvíslegar leiðir, s.s. tölvunámskeið, kennslu á sérhæfðar vélar, málmsuðu, ratsjárnám og margt fleira.

Slóðin á vef Menntafélagsins er www.mennta.is

Námskeið við allra hæfi

Símenntunarstöð Vesturlands býður upp á mjög fjölbreytilega kosti í menntun og þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Þeir sem hafa ákveðnar óskir um námskeið ættu endilega að hafa samband við Símenntunarstöðina því oft er hægt að fá leiðbeinendur til námskeiðahalds eftir pöntun ef næg þátttaka fæst.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða þá endurmenntun sem í boði er geta leitað til skrifstofu VLFA að Sunnubraut 13. Námskeiðahald liggur að mestu niðri yfir sumarið, en það er gott að nota tímann til að velja nám við hæfi.



Ráðgjöf um fjármál heimilanna

Fyrsta námskeið félagsins um fjármál heimilanna var haldið í vetur, en aðsókn var fremur dræm. Fjármálanámskeið auglýsa sig þó yfirleitt sjálf því þeir sem sótt hafa námskeiðin gefa þeim góð meðmæli.

Nú er unnið að samningsgerð milli Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands, Akraneskaupstaðar og Verkalýðsfélags Akraness um sameiginlega ráðgjafarþjónustu fyrir skjólstæðinga þeirra. Atvinnuleitendur á starfssvæði Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands, félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness og aðrir íbúar Akraness sem eiga í greiðsluferðileikum geta þá fengið aðstoð við að öðlast heildaryfirsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar.

Ráðgjöfin verður auglýst nánar þegar samningur liggja fyrir.

Nýtt réttindakerfi tekið upp hjá Lífeyrissjóði Vesturlands

Í samræmi við samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál, hefur verið ákveðið að breyta réttindakerfi sjóðsins frá og með 1. júlí 2005. Tekin verður upp svokölluð aldurstengd ávinnsla réttinda. Það þýðir í stuttu máli að sá tími sem sjóðurinn hefur til að ávaxta iðgjöld hefur bein áhrif á þau lífeyrisréttindi sem iðgjöldin skapa. Hingað til hafa iðgjöld skapað jöfn réttindi, óháð því hvenær starfsævinnar þau hafa verið greidd. Aldurstengt kerfi er því meira í samræmi við þá hugsun að menn skuli uppskera eins og menn sá. Hins vegar er rík áhersla lögð á að hröfla í engu við áunnum réttindum sjóðfélaga og tryggja farsæla aðlögun þeirra að breyttu kerfi. Svipaðar tillögur liggja fyrir hjá þorra lífeyrissjóða í landinu og er með þessu verið að mæta þeim auknu skuldbindingum sem skapast af hækkandi lífaldri fólks sem og aukinni örorkutíðni.

Könnunarviðræður um sameiningu lífeyrissjóða

Stjórn sjóðsins er í viðræðum við Lífeyrissjóði Suðurnesja og Suðurlands þar sem kanna á kosti þess að sameina sjóðina þrjá. Megintilgangur sameiningar



Gylfi Jónsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vesturlands.

sjóða er að ná frekari hagræðingu í rekstri og auka áhættudreifingu og þar með getu til að standa við lífeyrisskuldbindingar. Starfsumhverfi lífeyrissjóða á Íslandi hefur á síðustu árum breyst gífurlega með auknum kröfum um fagleg vinnubrögð og þjónustu. Stærri sjóður hefur meiri burði til að mæta þessum kröfum. Einnig er líklegt að breiðari grunnur sjóðfélaga dragi úr tryggingafræðilegri áhættu sjóða. Þannig er ljóst að sjóður með staðbundinn sjóðfélagagrunn er útsettari fyrir áföllum á svæði sínu. Fjölgun sjóðfélaga og meiri dreifing, bæði landfræðilega og starfsgreinalega, dregur úr þessari áhættu.



Fylgist með á vefnum

Vefsíða félagsins er hafsjór af fróðleik og fréttum

Síðan er að jafnaði uppfærð daglega og þar má finna allar upplýsingar sem félagsmenn þurfa á að halda. Fréttir af samningaviðræðum og öðrum viðfangsefnum stjórnar og ýmissa nefnda eru uppfærðar um leið og staðan breytist og einnig er þar að finna upplýsingar um þjónustu sem stendur félagsmönnum til boða.

Hægt er að senda inn fyrirspurnir á vefnum og er þeim svarað greiðlega á netfang spyrjenda.

www.vlfa.is



Nýjasti kosturinn í orlofsíbúðum félagsins er í nýju raðbúsi að Laufásvegi 21-31 í Stykkishólmi. Íbúðirnar í húsinu er einstaklega vistlegar eins og dæmin hér að ofan sýna.

Gagngerar endurbætur á sumarhúsum félagsins

Sumarhúsin er geysilega vinsæl og nú eru aðeins örfáum vikum óráðstafað af sumardvöl þessa árs

Endurbætur

Orlofshús og íbúðir félagsins hafa fengið andlitslyftingu í vor og margt endurnýjað í húsunum. Skipt var um eldhús- og baðinnréttingar í öllum orlofsíbúðum félagsins á Akureyri og bústaðirnir í Húsfelli, Hraunborgum og Svínadal voru lakkadír að inna. Íbúðir félagsins við Furulund á Akureyri eru uppbókaðar fyrir löngu. Það sama má segja um bústaðinn í Húsafelli og nýja raðbúsið í Stykkishólmi er einnig að verða fullbókað. Fáeinum vikum er enn óráðstafað í Hlíð á Hvalfjarðarströnd og nokkrar stakar vikur eru lausar í Svínadalnum, Ölfusborgum, Hraunborgum í Ölfusi og í Klifabotni í Lóni. Tekið er við pöntunum á skrifstofu félagsins.

Útleiga í vetur

Ásókn í helgardvöl í bústöðum félagsins yfir veturinn hefur aukist mikið undanfarin ár. Helgardvölin kostar 7.500 krónur fyrir félagsmenn og er þá miðað við að dvalið sé frá föstudegi til mánudags, nema í Hlíð þar sem þarf að skila á sunnudegi.

Fullt var í öllum bústöðunum yfir jól, áramót og páska og mjög margir notuðu tækifærið að taka sér aukafri í bústað yfir helgi í góðu veðri síðastliðinn vetur. Búist er við að bústaðirnir verði vel bókaðir næsta vetur svo það er gott að hafa tímann fyrir sér að panta pláss fyrir hátíðirnar.



Miklar endurbætur hafa verið gerðar á orlofsbúsum félagsins í vor. Til að mynda var skipt var um eldhús- og baðinnréttingar í öllum orlofsíbúðum félagsins á Akureyri.

Bústaðirnir í Húsfelli, Hraunborgum og Svínadal voru lakkadír að inna.

Sumarbústaðaeigendur
Kjörvari á sumarbústaðinn og pallinn.
Láttu fagmenn vinna verkjó
Híbylamálun
Gardars Jónssonar ehf.
431 2646 - 896 2356
www.hibylamalun.is

Fólkið í félaginu

Félagar í Verkalýðsfélagi Akraness starfa á mörgum vinnustöðum í fjölbreyttum störfum



Stelpurnar á færibandinu í Laugafiski.



Rabbi reddari í HB Granda.



Í Járblendinu.



Formaðurinn ásamt starfsmönnum Norðáls.



Hreiðar Áskelsson hjá HB-Granda.



Guðjón Finnþóga í síldarbræðslunni.



Frá kynningarfundum 16 ára unglinga í Arnardal.



Frá samningafundi vegna kjarasamnings við starfsfólk SHA.



Frá ferð eldri félaga á liðnu bausti, ferðalangar stíga frá borði.



Litast um í Reykholti.



Skrifstofa félagsins

Afgreiðslutími

Skrifstofa Verkalýðsfélag Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 09:00-16:00. Utan afgreiðslutíma félagsins er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 865-1294.

Félags- og fundaraðstaða

Félagið er með skrifstofu og fundaraðstöðu að Sunnubraut 13 en allir stærri fundir eru haldnir í húsnæði félagsins að Kirkjubraut 40.

Þjónusta við félagsmenn

Skrifstofa félagsins annast alla þjónustu fyrir félagsmenn, svo sem aðstoð vegna kaup og kjaramála, upplýsingar um réttindi vegna veikinda og slysa, útleigu orlofsíbúða og orlofshúsa. Til skrifstofunnar geta félagsmenn leitað eftir upplýsingum og annarri aðstoð.

Lögfræðiþjónusta

Félagsmenn geta fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins með því að panta sér viðtalstíma á skrifstofu félagsins í síma 430-9900.

Félagsgjöld

Skrifstofa félagsins annast innheimtu á félagsgjöldum og skyldum gjöldum. Félagsgjald er 1% af launum og skila launagreiðendur því ásamt skyldum gjöldum (sjúkrasjóðs-, orlofssjóðs- og starfsmenntasjóðsgjöldum) til félagsins.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Hugrún Olga Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri - hugrun@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir, starfsmaður
audur@vlfa.is

Hvatningarverðlaun VLFA

Tveir nemendur í Fjölbrautaskóla Vesturlands fengu hvatningarverðlaun frá VLFA fyrir frammistöðu sína í verklegum greinum

Stjórn VLFA hefur ákveðið að veita árlega hvatningarverðlaun þegar nemandur útskrifast úr húsasmíði í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Er hér um að ræða nemendur sem ná framúrskarandi árangri í verklegum greinum.

Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti þann 20. maí s.l. og voru það Sindri Hlífar Guðmundsson og Vésteinn Sigmundsson sem hlutu bókina „Verk að vinna“

sem viðurkenningu fyrir árangur sinn. Með verðlaununum vill VLFA leggja sitt af mörkum til að auka veg og virðingu handverks og verkmennta við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Hörður Helgason skólameistari Fjölbrautaskólann þakkaði VLFA og sagði að þessi hvatning og góður hugur væri skólunum mikils virði.



Verðlaun fyrir góða frammistöðu í verklegum greinum eru hvatning til að auka veg og virðingu handverks og verkmennta innan Fjölbrautaskólans. Hér taka Sindri Hlífar Guðmundsson og Vésteinn Sigmundsson við verðlaununum úr bendi Harðar Ó. Helgasonar skólameistara FVA. Ljós. G.H.

Munið heimasíðuna!

www.vlfa.is

KYNNINGARFUNDUR

Laugafiskur hf. boðar fund

með íbúum Akraness þriðjudaginn 7. júní
kl. 17:30 að Kirkjubraut 40, 3. hæð,
í sal Verkalýðsfélags Akraness.

Á fundinum verður kynnt hvað fyrirtækið er að gera til að draga úr lyktarmengun.

Allir velkomnir!



LAUGAFISKUR HF



**Sendum sjómönnum á Akranesi
bestu kveðjur á Sjómannadaginn 2005**

